

# Öflugt tómstunda- og íþróttastarf



Í öllu forvarnarstarfi er mikilvægt að börn og unglingar eigi kost á að sækja íþrótt- og tómstundastarf undir handleiðslu góðra og vel menntaðra leiðbeinenda sem láta sig varða líðan og velferð barnanna. Hafnarfjörður undir stjórn jafnaðarmanna var í fararbroddi íslenskra sveitarfélaga, þegar innleiddir voru frístundastyrkir, sem gerðu öllum börnum kleift óháð efnahag að taka þátt í fjölbreyttu félagsstarfi. Þetta var mikið heillaskref, aðsókn jókst og starf íþróttafélaganna styrktist, sem m.a. sést á góðum árangri hafnfirskis íþróttafólks á öllum aldri.

## **Fjölbreytt tómstundastarf í öllum hverfum**

Íþróttastarf stuðlar að jákvæðri sjálfsmynd og bættri líðan. Það gerir einnig tónlistar- og listnám, skákin, hestamennskan, skátastarfið svo fátt eitt sé talið. Þetta allt er mikilvæg forvörn. Þá þarf að huga sérstaklega vel að börnum sem ekki finna sig í keppnisíþróttum og bjóða upp á fjölbreytt tómstundastarf í öllum hverfum. Í slíku starfi er unnið markvisst að því að

styrkja sjálfsmynd einstaklingsins, hópinn og félagsleg tengsl. Jafnframt þarf að stemma stigum við brottfalli unglunga úr íþróttá- og tómstundastarfi með nýjum verkefnum og gera íþróttá- og tómstundarfélagum kleift að þróa starfið sitt og styðja við ný verkefni.

## **Hækkum tómstundastyrkina**

Samfylkingin vill nýta fjárhagslegt svigrúm bæjarins til að lækka álögur, einkum fyrir barnafjölskyldur og liður í því er að hækka frístundastyrkina og gera fleirum kleift að sækja um styrkina vegna tómstundariðkunar barna sinna.

*Stefán Már Gunnlaugsson*

*skipar 4. sætið á lista Samfylkingarinnar.*